

22. maí 1994 | Aðsent efni | 1375 orð

FJÖRUTÍU MILLJARÐAR Á MILLI VINA

FJÖRUTÍU MILLJARÐAR Á MILLI VINA Yfirboðarar bankastjórnar Seðlabankans hafa augljóslega hag af því að leyna þeim skaða, segir Þorvaldur Gylfason, sem þeir eru sjálfir búnir að valda í gegn um banka- og sjóðakerfi í sameiningu.

FJÖRUTÍU MILLJARÐAR Á MILLI VINA Yfirboðarar bankastjórnar Seðlabankans hafa augljóslega hag af því að leyna þeim skaða, segir Þorvaldur Gylfason, sem þeir eru sjálfir búnir að valda í gegn um banka- og sjóðakerfi í sameiningu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir alþingismaður flutti ágæta ræðu í þinginu fyrir nokkru um afskriftir og útlánatap banka og sjóða síðustu ár. Í greinargerð með lagafrumvarpi hennar og annarra þingmanna Kvinnalistsans birtast upplýsingar um það, að viðskiptabankar og lánasjóðir hafi þurft að afskrifa meira en 40 milljarða króna síðast liðin fimm ár vegna orðins eða yfirvofandi útlánatjóns.

Mig langar að biðja lesandann að velta þessu fyrir sér í stutta stund. Fjörutíu milljarðar króna: hvað skyldi það vera mikið? Það jafngildir um 600.000 krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Þetta er engin reikningsbrella, heldur beinhardur kostnaður, sem á eftir að leggjast smám saman með miklum þunga á þjóðina á næstu árum, ef tölur þingmanna Kvinnalistsans reynast réttar. Þessi kostnaður er byrjaður að koma fram. Hann birtist meðal annars í háum útlánsvöxtum, sem eru að sliga fjölmörg heimili og fyrirtæki í landinu; í erlendri skuldabyrði, sem er sífellt að þyngjast; og ekki sízt í síauknu atvinnuleysi, sem á eftir að draga dilk á eftir sér langt fram í tímann. Atvinna væri meiri nú og öruggari víðast hvar um landið, ef allir þessir fjármunir hefðu verið festir í arðbærum atvinnurekstri til frambúðar.

Þessi fjárhæð, 40.000.000.000 krónur, er um það bil þrisvar sinnum meiri miðað við þjóðarframleiðslu en fór í súginn í sparisjóðahneykslinu í Bandaríkjunum á síðasta áratug mesta fjármálahneyksli aldarinnar, sem Bandaríkjamenn kalla svo. Þessi fjárhæð er líka meiri miðað við þjóðarframleiðslu en tapaðist í bankakreppu Norðurlanda fyrir nokkrum árum, alvarlegri kreppu, sem hefur leitt til gagngerrar endurskipulagningar í bankarekstri þar og til starfsloka margra bankastjórnenda og málssóknar gegn sumum þeirra vegna gruns um glæpsamlega vanrækslu í starfi.

Hversu mikill er skaðinn?

Ef við ættum þetta fé ennþá, fjörutíu milljarða króna, væri bjartara fram undan í efnahagslífi þjóðarinnar nú. Ef þessu fé hefði ekki verið sólundað í gegnum banka- og sjóðakerfið, gætum við til dæmis geymt það á allt að 10% ársvöxtum ú í útlöndum eða þá fest féð í arðbærum atvinnurekstri hér heima og erlendis og haft fjögurra milljarða króna vaxtatekjur eða arð af fúlgunni á hverju ári að eilífu. Það hefði munað um minna.

Tökum dæmi.

* Við hefðum getað lækkað tekjuskatt einstaklinga og fyrirtækja um fimmtung til frambúðar fyrir þetta fé. Þannig hefði til dæmis verið hægt að bæta hag láglaunafólks verulega og draga mjög úr atvinnuleysi um leið.

* Við hefðum að öðrum kosti getað hækkað laun allra kennara og alls hjúkrunarfólks á Íslandi um 50.000 krónur á mánuði til frambúðar. Þetta er einfalt reikningsdæmi. Kennarar í skólum og starfsmenn á sjúkrahúsum (aðrir en læknar) eru um 6.500 alls. Hlutur hvers og eins í fjórum milljörðum króna á ári væri því nálægt 600.000 krónum eða kringum 50.000 krónur á mann á mánuði. Stjórnámamenn hafa oft verið varaðir við þeirri hættu, sem láglaunastefnan í skóla- og spítalakerfinu kallar yfir menntun og heilbrigði fólksins í landinu langt fram í tímann, en þeir, sem ráða ferðinni, hafa alltaf borið því við, að það væru ekki til peningar til að borga betri laun. En það er ekki rétt. Það hafa verið til nægir peningar. Stjórnámamennirnir kusu einfaldlega að eyða þeim í annað. Það er lóðið.

* Við hefðum að enn öðrum kosti getað byggt tónlistarhús fyrir tvo milljarða króna á sex mánaða fresti ár eftir ár að eilífu! Tónlistaráhugafólk hefur barizt fyrir því í fimmtíu ár að fá byggingu yfir starfsemi sína, en viðkvæðið hefur einlægt verið það, að peningar séu því miður ekki til. En það er ekki rétt. Peningarnir eru til og voru til. Stjórnámamennirnir, sem stýra banka- og sjóðakerfinu og bera ábyrgð á því, tóku taprekstur fram yfir tónlistarhús.

* Við hefðum að endingu getað næstum þrefaldað árlega fjárveitingu ríkisins til Háskóla Íslands, sem er langfjölmennasti vinnustaður landsins, ekki í eitt skipti, heldur um eilífan aldur. Staðhæfingar stjórnámamanna um það, að það séu engir viðbótarpeningar til handa Háskólanum og ýmsum öðrum mikilvægum stofnunum þjóðarinnar, sem hafa verið vanræktar árum saman, hljóma ekki vel úr munni manna, sem bera ábyrgð á því, að fjörutíu milljarðar króna eru farnir í súginn á fimm árum, allra sízt þegar þessir menn sýna flestir engin merki þess, að þeir beri nokkurt skynbragð á þann skaða, sem þeir eru búnir að valda, eða finni til nokkurrar ábyrgðar.

Ábyrgð

Við skulum skoða síðasta atriðið aðeins nánar. Alls staðar í löndunum í kringum okkur er lagt kapp á að færa ríkisbanka yfir í einkaeign til að tryggja betri, heilbrigðari og hagkvæmari bankarekstur. Þannig eru Austur-Evrópuþjóðirnar nú í óðaönn að einkavæða viðskiptabanka sína til að tryggja, að heilbrigð fjárhagssjónarmið ráði mestu um útlán banka og óeðlileg stjórnmalafyrirgreiðsla og meðfylgjandi mismunun, sóun og spilling komi sem allra minnst við sögu. Sama á við um Ítalíu, Frakkland og Norðurlönd, þar sem ríkisvaldið hefur verið að losa sig út úr bankarekstri. Ítalskir kommúnistar eru jafnvel farnir að boða einkavæðingu.

Og alls staðar í Evrópu er jafnframt þessu lögð áherzla á að auka sjálfstæði seðlabanka gagnvart stjórnvöldum til að styrkja stjórn peningamála. Þar hafa flestir stjórnámamenn skilning á því, að seðlabankar þurfa að vera óháðir stjórnmalahagsmunum ekki síður en til að mynda dómstólar og háskólar. Hér heima sýna of margir stjórnámamenn á hinn bóginn engin merki um það, að þeir hafi skilning á nauðsyn þess að fylgjast með þessari þróun. Þeir hafa enn sem fyrr tögl og hagldir í tveim viðskiptabönkum af þrem og í ýmsum lánasjóðum og eru jafnvel að færa sig upp á skaftið.

Og nú er svo komið, að sá stjórnmalaleiðtogi landsins, sem jafnan hefur verið hægt að treysta bezt til að fjalla óskynsamlega um efnahags- og fjármál þjóðarinnar á undanförunum árum, er orðinn bankastjóri í Seðlabanka Íslands. Yfirgripsmikil vanþekking hans á efnahagsmálum er rómuð langt út fyrir landsteinana. Hann hefur lýst því yfir, að vestrænar hagstjórnaraðferðir eigi ekki við á Íslandi og öðru eftir því, og er nú orðinn einn helzti efnahagsráðunautur ríkisstjórnar Davíðs Oddsonar. Einn fyrirferðarmesti holdgervingur fortíðarvandans er orðinn yfirmaður bankaeftirlitsins!

Eftirlit

Seðlabanka Íslands ber skylda til bankaeftirlits samkvæmt lögum. Nú, þegar fjörutíu milljarðar króna virðast vera farnir í súginn, er nauðsynlegt, að fram fari opinber rannsókn óvillhallra aðila á því, með hvaða hætti Seðlabankinn hefur rækt lögboðna bankaeftirlitsskyldu sína á liðnum árum. Slík rannsókn gæti verið liður í starfi þeirrar nefndar, sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og flokkssystur hennar hafa lagt til á Alþingi, að þingið skipi. Í nefndarstarfinu þyrfti meðal annars að gera sérstaka úttekt á því, að hversu miklu leyti ókeypis úthlutun aflakvóta til útvegsfyrirtækja hefur verið notuð til að hylja fjármálakreppuna með því að gera fyrirtækjunum kleift að standa í skilum við banka og sjóði, sem hefðu komizt í enn meiri kröggur að öðrum kosti. Í nefndinni þyrfti að vera erlendur sérfræðingur til aðhalds og eftirlits. Jafnframt þessu þarf Seðlabankinn að leggja fram trúverðugt mat á því, hversu mikið fé hefur tapazt í banka- og sjóðakerfinu hingað til, svo að einstakir alþingismenn og aðrir þurfi ekki að reyna að reikna það út á eigin spýtur. Slíkar upplýsingar hafa seðlabankar birt í öðrum löndum og þykir sjálfsagt. Seðlabankinn verður að leggja spilin á borðið. Reynslan frá útlöndum bendir til þess, að því lengur sem það dregst að leggja þessi gögn fram, þeim mun meiri verður skaðinn á endanum. Bankinn þarf líka að gera fólkinu í landinu grein fyrir því, með hvaða hætti hann hyggst reyna að koma í veg fyrir, að útlánatapið í banka- og sjóðakerfinu haldi áfram. Því miður virðist þó ekki vera mikil von til þess, að Seðlabankinn verði við slíkum óskum að svo stöddu. Meiri hluti bankastjórnarinnar er enn sem fyrr skipaður sérlegum sendiherrum stjórnmalaflokkanna. Yfirboðarar hennar hafa augljósan hag af því að hylja þann skaða, sem þeir eru sjálfir búnir að valda í gegnum banka- og sjóðakerfið í sameiningu. Seðlabankar í öðrum löndum eru smám saman að öðlast meira sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum einmitt til þess meðal annars að firra almenning því alvarlega tjóni, sem getur hlotizt af hagsmunaárekstrum af þessu tagi. En ekki hér. Spillingin heldur þvert á móti áfram að magnast. Ætlar fólkíð í landinu að láta þetta ganga yfir sig endalaust?

Höfundur er prófessor í Háskóla Íslands.

Þorvaldur Gylfason